



SAGAN
EINS OG HÚN BLASIR VIÐ
ÚT UM GLUGGA
SÍBERÍUHRADLESTARINNAR
Ferðasaga Bryndísar og Jóns Baldvins

Júlí 2018

*Þessi ferðasaga er tileinkuð gestgjöfum okkar,
Gunnari Snorra Gunnarssyni í Beijing og
Mörtu Snæfríðardóttur Brancaccia í Berlín*

I.

Jón Baldvin:

Það eru 22 ár frá því við vorum seinast í Kína. Það var árið 1996. Við heimsóttum ellefu borgir á þremur vikum, fórum þvers og kruss um þetta meginland, sem Kína er. Þegar Mao skildi við, árið 1976, eftir rúman aldarfjórðung við stjórnvölinn, voru lífskjör í Kína svipuð og í Bangladesh, ca. 160 dollarar á mann á ári, segir Alþjóðabankinn.

Þegar við vorum hér þá, hafði Deng Xiaoping verið við völd í hálfan annan áratug. Umskiptin voru þá þegar sýnileg í helstu borgum og sveitahéruðum, sem brauðfæddu borgirnar. Opnun Dengs – virkjun markaðsafla undir styrkri stjórn – er stórtækasta og hraðskreiðasta þjóðfélagsbylting, sem sagan kann frá að greina. U.þ.b. 700 milljónum manna (af þessum 1.3 milljarði) hafði verið lyft upp úr miðaldaörbirgð til mannsæmandi lífskjara á undraskömmum tíma. Á liðnum árum hef ég reynt að lesa mér til um þessa super-byltingu af öllum tiltækum gögnum, en vissi þó, að þekking mín var gloppótt.

Vissi varla á hverju ég átti von.

Bryndís

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta stóð sem hæst. Jafnvel í Máraþorpinu okkar, efst á þessum hvíta kletti við hafið í Andalúsíu, var allt á öðrum endanum. Karlar á öllum aldri, sem annars virðast aldrei eiga erindi út fyrir hússins dyr – jafnvel konur og börn – þyrptust inn á torgið, þegar leið á kvöldið. Það var búið að koma fyrir stórum sjónvarpsskjá framan við nýja barinn, sem heitir reyndar Boteka, af því að þarna stóð einu sinni apótek. Það var á þeim tíma, sem þorpið á klettinum var og hét.

Þetta var kvöldið sem Ísland datt út úr keppni. Og líka kvöldið, sem nágranni minn gaf mér blómstrandi kaktusafleggjara í sárabætur. Ég hafði aldrei séð blómstrandi kaktus fyrr. Stakk eins og naðra við minnstu snertingu, en í toppinn bar hann rauð blóm, ofurmjúk viðkomu. Nágranninn sagði við mig: Íslendingar eru eins og kaktusinn – harðgerðir, ódrepanði – en blómstra samt. Það síðasta sem ég gerði, áður en við kvöddum húsið okkar að þessu sinni, var að setja afleggjarann í moldarpott á þakinu. Nú er að vita, hvort hann lifir sumarið af.

Farmiðarnir okkar voru komnir í skúffu í svefnherberginu strax í lok maí. Svo að í heilan mánuð gat ég slakað á og leyft mér þann munað að hlakka til

ferðarinnar, láta mig dreyma. Það er að segja hlakka til – og kvíða fyrir. Ferðin framundan var bæði löng og ströng. Við ætluðum að ferðast yfir þveran hnöttinn, eða alla leið til Kína, með viðkomu í Istanbul! Og síðan ætluðum við að fara landleiðina til baka, stíga um borð í Síberíuhraðlestina og hafa viðkomu í Moskvu og Berlín. – Þegar við spurðum Carlos á einu ferðaskrifstofunni í Salobrena, hvort ekki væri best að fljúga með Finnair frá Helsinki, hristi hann bara höfuðið, eins og Finnair væri ekki til – aldrei heyrð það nefnt – og ákvað, að við flygjum með Turkish Airlines - þeir væru bestir!

Svo að núna, tveimur dögum eftir þennan leik á torginu í Salobrena vorum við stödd á flugvelli í Istanbul og áttum fyrir höndum sjö tíma bið. Þetta var einmitt kvöldið sem Englendingar töpuðu fyrir Belgum og framlengdu þar með dauðastríð sitt um einhverja daga. Barinn var fullur af fólki. Við þóttumst heppin að finna sæti.

Á milli þess sem ég reyndi að fylgjast með leiknum á skjánum og sýna lifandi áhuga, var ég með augun á þeim aragrúa mannfólks, sem streymdi hjá eins og straumhörð elfur – fólk af öllum gerðum, litum og háttalagi. Einmitt hér í Istanbul mætast ólíkir menningarstraumar. Hér skilur að Vestrið frá Austrinu, þar sem þeir tilbiðja Alla.

Einkum var mér starsýnt á konurnar, kynsystur mínar, sem margar hverjar voru stórfenglegar á að líta – hnarreistar, hreyfðu sig hægt en tígulega og klæddust hófsömum litum. Það voru konurnar með blæjurnar. Þær báru af í þessu mannhafi, voru kynþokkafyllri og sjálfsöruggari en allar aðrar.

Vestrænar konur láta stjórnast um of af tiskujöfrum, sem segja til um, hvernig þær mega klæðast. – Níðþröngar, götóttar gallabuxur, stuttar eða síðar, eru aftur komnar í tísku, gagnsæir bolir, berar axlir og ögrandi brjóst. Hvað sagði ekki Hannes Hafstein: „Fegurð hrífur hugann meir, ef hjúpuð er, því andann grunar ennþá fleira en augað sér“? Svei mér, þá ef ég er ekki sammála frænda.

Þegar leið á kvöldið, fjölgaði Kínverjum mjög á barnum. Enda allir á leið heim til Beijing – og flestir upplyftir af skyndilegum áhuga á fótbolta! – Þó svo að Kínverjar séu óttalegir klaufar með boltann – að þeirra eigin sögn!

Nema hvað, ég kom auga á fjögur ungmenni, snyrtilega til fara, með skásett brosandí augu, sem stóðu þarna við dyrnar hálfháðleysisleg. Þau fundu engin sæti á barnum. Og eins og ég á stundum til, fór ég að skipta mér af, og innan tíðar voru þau sest og farin að horfa á Tjallana berjast fyrir lífi sínu á

lokasprettinum í leiknum. – Það er að segja strákarnir, því að stelpurnar héldu bara áfram að brosa til mín og langaði greinilega til að segja eitthvað við mig. Vildi ég vera með þeim á mynd? Auðvitað.



Og löngu eftir að leiknum var lokið, og allir farnir að bíða eftir tilkynningu um brottför, kom á daginn, að strákarnir, þeir Yuning og Goyang Fang voru báðir tölvunörðar og unnu hjá stórfyrirtækjunum Disneyland og Price-Waterhouse Cooper (PWC) í Kína! Di Sun, sú litla sæta, vann sem miðasölukona í kvikmyndahúsi, en Angel var heimavinnandi, þar sem hún átti tveggja ára prins, sem kæmist ekki að á dagheimili fyrr en á næsta ári. Hún var heldur súr yfir því, enda var augljóst, að sú kona gæti stjórnað heilu fyrirtæki, ef hún bara vildi og nennti. Það var Angel, sem hafði orð fyrir hópnum, talaði ensku án þess að hiksta, og þegar hún hafði raðað pinklum og pökkum undir stólana við borðið þeirra, var það hún sem fór og keypti bjór og kruderí handa eiginmönnum – á meðan þær stelpurnar ætluðu að kíkja í búðargluggana á Istanbul Airport.

Nema hvað, að nú áttum við heimboð í vændum í Beijing.

Hugsid ykkur! Og ekki enn lögð af stað í ferðina löngu.

Það má eiginlega segja, að þetta atvik á flugvellinginum í Istanbul hafi verið eins konar forsmekkur að því, sem við upplifðum svo sterkt þessar tvær vikur í Beijing – að við værum velcomin í stórborginni. Það brostu allir til okkar, einkum unga fólkið – aðallega stelpurnar þó. Ég var yfirkomin af allri þessari kvenlegu fegurð, sem birtist okkur í aðlaðandi framkomu og litríkum fatnaði. París féll alveg í skuggann.

Turkish Airlines reyndist hinn besti gestgjafi. Minnti á Icelandair í gamla daga – bæði matur og gott vín. Samt þurftum við aldrei að opna budduna. Auk þess var nægilegt rými á milli sætaraða til þess að geta hallað sér aftur, án þess að rekast í nef bakgrannans. Við sváfum eins og börn, þar til við vorum vakin níu tímum síðar með morgunkorni, appelsínusafa og lútsterku kaffi.

Nú vorum við til í hvað sem var.

Jón Baldvin:

Þegar flugvélin lenti, var auðséð, að við vorum á risaflugvelli. Nútímalegar flugstöðvarbyggingar svo langt sem augað eygði, og tveggja hæða flugvélaskrímsli stóðu þarna í röðum tilbúin til brottferðar. En á leiðinni í gegnum vegabréfaeftirlitið – sem gekk hratt fyrir sig þrátt fyrir mannmergðina – lásum við, að flugvöllurinn væri sprunginn. Hann væri orðinn allt of lítill. Nýr risaflugvöllur væri í byggingu, sem mundi kannski duga næsta áratug eða svo.

Og svo ókum við inn í Beijing. Okkur rak í rogastans, trúðum varla okkar eigin augum. Gamla borgin, með lágreistum byggingum, innhverfum að húsagörðum, þar sem lífið fór fram bak við birgða múra og við þröngar götur – allt var þetta horfið. Svo langt sem augað eygði blöstu við nýreistir skýjakljúfar. Breiðstræti, með þremur til sex akreinum í hvora átt, voru troðfull af nýjum lúxusbílum – eiginlega skridrekum með drifi á öllum – svona eins og húsfreyjur í Mosó nota til að skreppa út í búð eftir mjólkurlítra.

Hvað var orðið af öllu hjólreiðafólkinu, sem flæddi hér áður fyrr um allar götur – og minnti okkur frekar á Kaupmannahöfn en Manhattan? Við nánari skoðun fundum við hjólandi fólk á hliðargötum, en neðanjarðarlestin, sporvagninn og bíllinn hafa rutt þeim flestum út af stóru bólvörðunum. Nema þeim allra hugprúðustu.

Sem sé: það er búið að byggja yfir 25 milljón manns, finna þeim öllum störf og koma undir þak. Tveir af hverjum þremur Kínverjum eru fluttir úr sveitinni og

sestir að í borginni. Þetta eru mestu þjóðflutningar allra tíma. Það er ekkert smávegis skipulagsafrek, að þetta skuli allt saman fúngera hratt en örugglega.

Annað kom okkur á óvart. Hversu oft heyrum við ekki í fréttum af hinni hryllilegu loftmengun í Beijing. Það eru auðvitað engar ýkjur, þegar þannig stendur á veðrum frá Gobí-eyðimörkinni yfir háveturinn.

En samt er borgin græn – iðagræn. Risavaxnir almenningsgarðar, þar sem fólk leitar athvarfs frá asa stórborgarinnar. Herskarar barna að leik. Fólk á öllum aldri að stunda líkamsæfingar – taitsji – spila og leika við hvern sinn fingur. Og nýgróðursett tré og jafnvel blómahaf meðfram helstu umferðaræðum.

Og borgin er ekki bara græn. Gamla Beijing var skítug. Nýja Beijing er hrein, enda herskarar um allar trissur að sópa og spúla.

Svona kom hún okkur fyrir sjónir, höfuðborg Miðríkisins, við fyrstu sýn.



Bryndís

Þegar ég stóð fyrsta morguninn við stóra gluggann okkar á tuttugustu og fimmtu hæð og horfði út yfir þessa milljóna borg – Beijing – verð ég að viðurkenna, að mér féllust gersamlega hendur. Mér fannst ég vera stödd í fútúrísku spennusjóí, vera í andlegu rugli, ófær um að taka ákvarðanir. Við mér blöstu ótal skringilegar himnalengjur – skýjakljúfar sem hlykkjuðust um himinhvolfið,

upp, upp, hærra, hærra – minn guð til þín. Vinnustaðir og heimkynni þessara 25 milljóna Kínverja, sem flúið hafa sveitina til borgarinnar. Jafnvel Manhattan fölnaði í minningunni. Allt í órafjarlægð.

Ég óttaðist, að þessi borg yrði mér óviðráðanleg. Ég yrði bara að láta mér nægja að horfa á hana út um þennan glugga. Þótt ég legði það á mig að ganga dögum saman, þá mundi mér ekki miða neitt. Fætur mínir gætu aldrei borið mig nema fyrir næsta horn og til baka aftur.

Þar sem ég stóð þarna og starði út, rifjaðist upp fyrir mér atburður, sem gerðist, þegar við vorum hér fyrir tuttugu og tveimur árum. Við dvöldumst á hóteli í miðborginni – sem var lágreist og vinaleg þá. Á bak við hótelið var stór garður, iðandi af lífi á öllum tímum dags, fólki að tala, lesa, spila á spil, syngja og dansa.

Á hverjum morgni vaknaði ég við óm af kunnuglegri tónlist, sem barst inn um gluggann til mín úr garðinum. Það var verið að spila tangó – gott ef það var ekki Piazzolla sjálfur. Ég stóðst ekki freistinguna einn morguninn og læddist út. Þetta var reyndar að vetri til, svo að ég kastaði yfir mig þykku sjali og gekk til móts við tónlistina.



Hópur af fólki var að dansa tangó í morgunsárið! Jafnvel sólin sjálf var ekki enn komin á loft. En ég var ekki fyrr komin á staðinn en mér var boðið upp í dans. Brosandi Kínverji tók mig í fangið og hélt mér þétt upp að sér eins og þaulvanur

fagmaður. Ég slakaði á, lét stjórnast og naut þess í botn að dansa tangó í birtu nýs dags úti í garði.

Nú langaði mig til að finna aftur þennan garð, þó ekki væri annað.

Og mig langaði líka til að reyna að finna aftur gamla þorpið, sem ég gekk inn í alveg óvænt annan morgun, þegar ég átti lausa stund og enginn sá til mín. Ég hafði tekið eftir þessum langa múrvegg í nágrenni við hótelið. Inn og út um mjótt hlið var stöðugur straumur fólks, ýmist að koma eða fara, hjólandi eða gangandi, börn og fullorðnir. Forvitnin rak mig af stað án þess ég vissi, hvers ég mátti vænta handan múrsins.

Og það var eins og að ganga inn í annan heim – heim sem hafði óvart gleymst, eða orðið eftir á ruslahaug, meðan allt annað tók breytingum – og batnaði. Ég var stigin inn í miðaldir. Húsin, lágreist og fátækleg, hölluðu sér hvert upp að öðru við örmjóar götur, sem hlykkjuðust inn í morgunskímuna. Fólkið, tötrum klætt, bar sama lit og moldin, sem þyrlandist undan fótum þess, ýmist á leið til vinnu eða skóla – eða bara út í stórborgina, sem var að vaxa allt um kring. Hvergi gróðurblettur, hvergi grænt gras. Á hverju horni stóðu gamlar konur og jusu heitri súpu – eða var það te? – í tinkrúsir, sem fólk dreypti á, um leið og það gekk hjá. Greinilega ekkert rennandi vatn í húsunum, og því hagkvæmast að elda úti. Sumir höfðu tyllt sér á tunnur eða kassa, og sátu þarna masandi og hlæjandi, eins og enginn væri morgundagurinn.

Eitt augnablik var ég hálfsmeyk. Ég var hér óboðinn gestur. Ég var að hnýsast í eitthvað, sem mér kom ekki við. Kínverjar eru stolt þjóð. Það brosti enginn til mín. Fólk lét sem það sæi mig ekki. Samt vissi ég, að þeir voru að horfa á mig. Ég var með hálfgerð samviskubit, þegar ég sneri aftur á hótelið.

Skyldu þessi hverfi enn vera til? Eða er gamla Kína alveg horfið af yfirborði jarðar? Ég ætlaði líka að komast að því. Ég gat ekki látið mér nægja að sitja bara auðum höndum við þennan stóra glugga.

Ég varð að nota tímann næstu tvær vikurnar.

Jón Baldvin:

Fyrsti dagurinn fór í gönguferð um nágrennið. Það er ekki eins og að skreppa út í sjoppu á næsta götuhorni. Vegalengdirnar mælast í mörgum kílómetrum. Það var heitt, svo að svitinn bogaði af okkur. Okkur létti óumræðilega við að koma inn í loftkælda verslunarmiðstöð. Aldrei þessu vant var hún bara á þremur

hæðum. En hvað var á boðstólum? Hvað er það sem kvenkynið þarf á að halda til að fegra heiminn? Búð við búð af litskrúðugum silkiflíkum, pílsum og blússum, og stríðsmálaðar táningsstelpur, sem kepptust um að lokka til sín viðskiptavini.

Ég er satt að segja ekki vel að mér í þessari deild. En Bryndís segir mér, að þarna hafi verið að finna öll heimsins vörumerki í kvenfatnaði, skóm og snyrtivörum. Þetta hefði nú ekki þótt við hæfi í Kína á tíð Maós. En það er liðin tíð. Verslanir af þessu tagi eru musteri hins nýja tíma. Það er neysluæði í gangi, glingur og glys. Gæðavörur með frægum vörumerkjum. Minna má það ekki vera. Þetta rýkur út, það er nóg kaupgeta, virðist vera.

Og hvað eru ekki hagfræðingarnir á segja í blöðunum? Kína verður að draga úr ríkjandi ofuráherslu á útflutning, enda Trump farinn að kvarta sáran undan viðskiptahallanum við Kína. Í staðinn á að hvetja hina rísandi millistétt til að draga úr sparnaði og eyða meiru. Innanlandsneysla á að halda uppi hagvextinum, þegar dregur úr útflutningnum. Og það er sannarlega neysluæði í gangi.

Bryndís

Já, þetta var á laugardegi, og allir í fríi, auðvitað. Mikill mannfjöldi í verslanahverfinu – aðallega konur þó, fannst mér. Allar að kaupa – kaupa, kaupa. Kína er á uppleið.

Það var svo heitt. Og við gengum langar leiðir. Inni í verslunarmiðstöðinni var svalandi gustur og gott tækifæri til að skoða vöruúrvalið. Það var satt að segja mjög fjölbreytilegt, sérstaklega kvenfatnaðurinn.



Augu mín leituðu uppi litskrúðuga silkikjóla, sem voru ýmist aðskornir með klaufar að framanverðu, eða með víðum pilsum, sem sveifluðust í takt við göngulagið. Ég freistaðist til að máta einn, en hann var of lítill og of þröngur. Ég sá í hendi mér, að ég væri of stór fyrir Kína – og hætti alveg að láta freistast – sparaði um leið stórfé!

Nema hvað ég gat ekki slitið augun af öllum þessum glaðlegu ungu konum, sem voru frjálsar og ófeimnar við að skarta sínu fegursta. Ég sá eiginlega enga í götóttnum gallabuxum. Óneitanlega skemmtileg tilbreyting. Og svo brostu þær svo fallega til mín, fengu jafnvel að taka myndir af okkur saman. Ég var auðvitað risavaxin við hlið þeirra og ekki með skásett augu – að vísu með há kinnbein, rétt eins og þær. Kannski fannst þeim ég skemmtilega skrítn!

Einhvern veginn hafði ég það á tilfinningunni, að allar þessar ungu stúlkur langaði til að nálgast mig, og þegar ég veifaði að lokum í kveðjuskyni, var eins og þær ættu eitthvað ósagt, en gætu ekki komið orðum að því. Enda áttum við engin orð, sem við gátum allar skilið. Samt leið mér vel, og mér fannst ég vera velkomin í Beijing.

Síðdegis þennan sama dag fórum við inn á veitingahús til að fá okkur eitthvað í svanginn. Þá kom fyrsta babbið í bátinn, þegar ég bað um hvítvínsglas – á ensku – með núðluböggglunum, sem ég var búin að velja mér af myndskreyttum matseðli. Ungu stelpurnar, sem þjónuðu til borðs – allar svartklæddar, en með

fallegt bros – kunnu ekki þetta smáríkjamál, ensku, og stóðu alveg á gati, þar til einn gestanna blandaði sér í málið og útskýrði fyrir mér – á ensku – að staðurinn byði bara upp á sinalco eða pepsi með matnum. Hvítvín væri lítt þekkt meðal almennings í Kína.

Jón Baldvin fékk þó sinn bjór, og þá var allt í stakasta lagi!

Það kom okkur annars á óvart í þessari ferð, hversu fáir virðast tala ensku, og hvað það reyndist flókið að komast leiðar sinnar hjálparlaust. Við vorum rétt eins og ómálga börn á villigötum. Enginn skildi okkur, og enginn gat hjálpað, af því að okkur vantaði orð.

Þess vegna gættum við þess að vera með heimilisfang okkar í Beijing, skrifað með kínversku lettri, í brjóstvasanum, ef svo illa færi, að við týndum áttum í þessari milljónaborg. Sem við gerðum reyndar einu sinni, örþreytt eftir langa göngu, gersamlega villt og sveitt og úrræðalaus. Jafnvel sólin, sem var farin að lækka á lofti, gat ekki vísað okkur veginn.

Þá var það þessi skrautlegi miði í brjóstvasa Jóns Baldvins, sem bjargaði málunum. Við sýndum hann leigubílstjóra, sem skilaði okkur heim heilum á húfi.

En ef við lítum á heimskortið, þá er þetta kannski ekki svo skrítið. Af hverju skyldu Kínverjar – eða jafnvel Rússar – tala ensku? Þessi tvö stórveldi til samans ná yfir meira en ellefu tímabelti á hnettinum, á meðan gamla Evrópa nær aðeins yfir rúmlega eitt. Tæpur fimmtungur jarðarbúa – 1.3 milljarður – talar kínversku. Meira en tvö hundruð milljónir tala rússnesku – ef rússneskir landnemar í grannríkjunum eru meðtaldir. Þetta eru höfuðmál í heiminum í dag ásamt spænskunni.

Það væri nær, að við hin lærðum mál þessara stórbjóða.

Mér finnst núna eftir stutta dvöl í Kína og Rússlandi, að það hafi verið hálfgerð tímasóun í den að læra öll þessi latnesku tungumál – eða eigum við að segja mállýskur – og germönsk, í þeirri trú að Evrópa væri nafli heimsins og aðrar heimsálfur bara útkjálkar.

Ég þarf að byrja upp á nýtt, fara aftur í nám – það er greinilegt.

Þegar hér var komið sögu, vorum við eiginlega búin að gleyma heimsmeistaramótinu í fótbolta, enda tímamunur slíkur í Beijing, að við hefðum orðið að vaka allar nætur til að fylgjast með. Mig minnir, að Suður Kórea hafi verið dottin út, jafnvel Svíar líka, en ég hafði tilhneigingu til að halda með Króötum, og þeir voru enn inni, að því er ég best vissi.

Þarna í Kína hefði hins vegar mátt halda, að Ísland væri ennþá inni – alla vega Hannes Þór, markvörðurinn. Hann er stjarna í milljónaborginni Beijing – ef ekki víðar. Heimsfrægur! Það var sama, hvar við komum, í búðina, á matstaðinn, í leikhúsið, út á götu – Bingdao! Allt í einu voru orð óþörf. Allir skildu hver annan af látbragðinu og fagnaðarópunum. Íslenski snillingurinn, sem varðist hörðum skotum frá Messi sjálfum. Hvað viljið þið hafa það betra? Hvenær kemur Hannes Þór? Við elskum Hannes Þór!

Og ég kem skilaboðunum hér með á framfæri.

Jón Baldvin

Eitt er nokkuð sérstakt við Kína. Þeir hafa framfylgt stefnunni um eitt barn á fjölskyldu af fyllstu hörku. Þetta þótti nauðsynlegt til að koma böndum á offjölgunarvandamálið. En þetta hefur margvíslegar og miklar afleiðingar. Nú þegar þorri Kínverja hefur efnast, vilja foreldrarnir láta allt eftir einbirnunum, sem þeir elska svo ofurheitt.

Það er talað um nýja kynslóð af prinsum – og reyndar prinsessum. Foreldrarnir hafa lagt á sig þungar þrautir – mannaunir – við uppbygginguna, en einkaerfingjarnir eiga þá að njóta alls hins besta, sem heimurinn hefur upp á að bjóða. Dekurbörn? Já, svo sannarlega. Og spurningin er: Hvernig mun nýja Kína farnast undir þeirra stjórn?

Það mun tíminn leiða í ljós. En ein af hinum öndverðu áhrifum eins barns stefnunnar er, að kínverska þjóðin er að eldast hratt. Fólki á vinnumarkaði mun fækka ört á komandi árum. Það mun bæði draga úr hagvexti og kalla á stóraukin útgjöld vegna ellilífeyris og heilsugæslu.

Xi Jinping, núverandi alvaldur, er sá fyrsti, sem er ekki af kynslóð byltingarmanna. Hann er að vísu sonur göngugarps úr Göngunni löngu og var um skeið fórnarlamb menningarbyltingarinnar. Hann er því bæði prins og fórnarlamb byltingar, sem lenti utan vegar úti í skurði. Og veit þess vegna, að öfgar leiða til ófarnaðar. „Við eigum bara að gera það sem virkar – skilar árangri“ – eins og Deng Xiaoping sagði.

Kínverska byltingin hlýtur að teljast einn helsti atburður síðastu aldar. Það segir sína sögu, að Sovétríkin eru hrunin, en Kína blífur. Októberbyltingin í Rússlandi var nefnilega ekki bylting heldur valdarán fámennrar klíku. Hún átti ekki djúpar rætur í rússneskum jarðvegi. Hin kínverska bylting Maós var ekta bylting úr iðrum jarðar. Á því er reginmunur. En lengi vel leit út fyrir, að Maó, byltingarleiðtoginn mikli, ætlaði að ana með Kína út í hverja ófærana annarri verri.

Það átti að láta þúsund blóm blómstra, en þau visnuðu og dóu. Það átti að taka stóra stökkið gegnum iðnbyltinguna á örfáum árum, en það endaði í brotajárni og banvænni hungursneið.

Þá átti að gera menningarbyltingu. Þaðan í frá skyldi fortíð Kína vera í ösku, og framtíðin í höndum heilapveginna angurgapa, sem brutu og brömluðu og bulluðu klisjur eftir gamla manninum, sem augljóslega var ekki lengur með réttu ráði. Þjáningar þjóðarinnar voru óbærilegar.

Skáldið Mao hefði þurft byrjendanámskeið í hagfræði. En það var of seint. Sem betur fór, var honum kippt inn í annan heim, áður en ennþá verra hlaust af.

Nóg var nú samt.

Sósíaldemókratinn Deng Xiaoping kom til valda í tæka tíð. Virkjum markaðsöflin – framtak okkar dugmiklu þjóðar, en undir styrkri stjórn til að koma í veg fyrir, að markaðsöflin ani út í ógöngur, rétt eins og Mao. Þetta er kjarninn í sósíaldemókratíinu: Norræna modelið, vær saa gode. Árangurinn lætur ekki að sér hæða. Það er heimsmet, hvorki meira né minna.

Um þetta flutti ég erindi í stofnun kínverska utanríkisráðuneytisins um alþjóðamál daginn eftir afmælið hennar Bryndísar. Af umræðunni að loknu erindi var ekki annað að skilja en, að sérfræðingar stofnunarinnar í Evrópumálum tækju þessa kenningu mína sem góða og gilda. Reyndar má bæta því við, að Asíumódelið (Suður-Kórea, Taiwan, Singapore o.fl.) eru á svipuðum nótum.

Ég spurði: Hvað getum við lært hver af öðrum? Sameiginleg niðurstaða var, að það væri margt og mikið.

Bryndís

Á þessu málþingi voru samankomnir sérfræðingar stofnunarinnar í málefnum Norðurlanda og Evrópusambandsins. Þeir fylgdust grannt með. Umræðurnar

eftir á leiddu í ljós, að þeir voru þrælundirbúnir og vel að sér í Evrópumálum. Þeir – segi ég – en þetta voru bæði karlar og konur á ungum aldri, sem auðheyrilega höfðu stundað nám í Evrópu.

Einn þeirra setti tóninn fyrir umræðurnar, þegar hann sagði, að það væri ánægjuleg tilbreyting að heyra mann af Vesturlöndum spyrja, hvað það væri, sem við gætum lært hver af öðrum, í stað þess bara að boða hinum vanþróuðu þjóðum vestrænt lýðræði sem óbrigðula fyrirmynd.

Hvernig er það annars: Eru ekki fjölmiðlar á Vesturlöndum uppfyllir af því, að lýðræðið sé veikburða, meira í sýnd en reynd, einkum þó í Bandaríkjunum? En þau virtust vera sammála Jóni Baldvini um meginniðurstöðuna: Að markaðskerfið þyrfti á að halda stýringu og eftirliti öflugis ríkisvalds, ef við vildum tryggja jafnari skiptingu þjóðarauðsins og þar með virkt lýðræði í reynd. Norræna módelið snerist um þetta og hefði skilað miklum árangri. Þess vegna gætum við lært margt og mikið hvor af öðrum.

Að lokum lýsti yfirmaður stofnunnarinnar því yfir, að hann mundi vilja láta þýða væntanlega bók Jón Baldvins, *The Nordic model vs. the neoliberal challenge*“ á kínversku.

II.

Jón Baldvin

Í skoðunarferð um Beijing á öðrum degi rak okkur í rogastans, þar sem fyrir augun bar byggingu, sem við héldum fyrst að flokkaðist undir ofsjónir. Þetta var egg. Stækkað hundrað þúsund falt – nei, ætli við verðum ekki að segja trillion-þúsund falt. Risaegg. Gnæfði yfir allt. Hvaða fyrirbæri er þetta, spurðum við Zong, leiðsögumann vorn. Þetta er nýja óperan, sagði hann borginmannlega. Þið farið þangað í kvöld til að upplifa það sem er nýjasta nýtt í kínverskri óperu: „Gangan langa“.

Það mun reyna á þolrifin, sagði hann og glotti við tönn.



Gangan langa – hvað er nú það? Þeir sem eitthvað þekkja til sögu kínversku byltingarinnar, vita, að í landinu geisðu tvönn stríð. Innrásarstríð Japana, sem lauk ekki fyrr en með uppgjöf þeirra, eftir að kjarnorkusprengrur Bandaríkjamanna þurrkuðu út tvær stórborgir – Hiroshima og Nakasaki. Og borgarastríð þjóðernissinna, Kuomintang, (undir forystu Chiang Kai-sheks) og kommúnista (undir forystu Maos).

Chiang Kai-shek hafnaði boði Maos um, að þeir sneru bökum saman gegn innrásarher Japana. Fyrir honum var það forgangsmál að brjóta forystu kommúnista á bak aftur. Hann hóf því algert útrýmingarstríð á hendur þeim í Suðrinu, þar sem kommúnistar höfðu sterk ítök, eins og t.d. í Shanghai.

Til að forðast algeran ósigur brást Mao við með „Göngunni löngu“. Hersveitir kommúnista, sem sluppu lifandi frá útrýmingarstríðinu, lögðu upp í Gönguna, yfir fjöll og firnindi, fimbulfljót og eyðimerkur, til þess að sameinast félögum sínum í Norðri. Þar hófu þeir skæruliðahernað gegn japanska hernámsliðinu og gegn Kuomintang, sem þeir að lokum flæmdu úr landi til Taiwan.

Þetta er í hernaðasögunni talið vera meiri háttar afrek. Þeir sem lifðu af Gönguna löngu, voru harði kjarninn í bændabyltingunni, sem að lokum lyfti Mao til valda.

Einhver sagnfræðingurinn hefur sett þetta í evrópskt samhengi og lýst því svo, að tötrum klæddur kommúnistaherinn hefði lagt upp í Gönguna löngu frá suðurodda Sikileyjar, upp endilanga Ítalíu, en orðið að taka á sig krók upp allan Spán yfir Pyreneafjöllin og þvert yfir Frakkland, yfir Alpana og staðnæmst að lokum í Norður Svíþjóð. Þetta var bændaherinn að baki byltingunni. Þeir sem lifðu af Gönguna löngu eru hetjur byltingarinnar.



Bryndís

Mér varð hugsað til Ólafs Elíassonar, þegar ég leit þetta mikla egg augum, þar sem þyngdarlögmálið er afsannað og eggíð svífur í lausu lofti. Fljúgandi fjöregg Miðríkisins, þar sem anddyrið eitt gæti rúmað alla íslensku þjóðina .

Ég er enn með dagskrána í höndunum, en engu að síður er ég engu nær um höfunda, stjórnendur eða söngvara óperunnar um Gönguna löngu. Fyrir mér er dagskráin miklu nær því að vera grafískt listaverk heldur en kynningarrit um óperu kvöldsins. Þúsund örsmáar teikningar, þar sem hvert tákni segir heila sögu, er raðað þvert yfir síðurnar og gætu sómt sér á hvaða vegg sem er, í hvaða landi sem er, sem fagurt listaverk. Mér skilst, að það taki næstum alla ævina að læra merkingu allra þessara tákna – sem er þó ritmál Kínverja, og það mál, sem meir en milljarður manna tala.

Ég settist því í sæti mitt þetta kvöld í óperunni, án þess að hafa hugmynd um, hvað við ættum í vændum. Þetta var allt svo ótrúlegt og framandi. Ætli það hafi ekki verið nokkur hundruð söngvara á sviðinu, þegar mest var. Og í bakgrunni var risavaxinn skjár. Þar var brugðið upp myndum, sem færðu atburðarásina nær veruleikanum – snævipakin fjöll, helbláir jöklar, fimbulfljót í leysingum, ýlfrandi vetrarstormar, blindandi sandfok – ójafn leikur dauðlegra manna við reginöfl náttúrunnar. Gott, ef þetta minnti mig ekki á „Himnaríki og helvíti“ Jóns Kalman í uppfærslu Þjóðleikhússins í vetur – en allt í öðru eða þriðja veldi.

Tónlistin var á köflum Wagnerísk, en þó með ljúfum undirtónum í ætt við Tsjaikovský, eða jafnvel Chopin. Í okkar eyrum hljómaði hún mestan part vestræn, án þess þó að vera beint hrífandi. Hún bar í sér keim áróðurs. Leiðtoginn mikli, Mao, var auðvitað lofsunginn á réttum stöðum.

Það spillti hins vegar sýningunni, að textarnir voru stundum eins og þeir hefðu verið samdir af undirnefnd framkvæmdanefndar miðstjórnar kommúnistaflokksins og farið þar að auki gegnum hakkavél ritskoðunarinnar.

Það vakti líka athygli okkar, að undirtektir voru í dræmara lagi. Samt voru þarna á ferðinni ótrúlega djúpir bassar og sópranraddir af guðs náð – fyrir utan hvað karlakórinn var hreinn og samstilltur. Eftir á var okkur sagt, að Kínverjar væru lítt gefnir fyrir „standing ovation“, eða endalaust lófaklapp til að tjá hrifningu sína.

Þetta kvöld í kínversku óperunni verður okkur eftirminnilegt, því að við urðum ekki bara vitni að tæknisnilli Kínverja, heldur fengum á einu bretti innsýn í goðsagnaveröld byltingarinnar.

Jón Baldvin

Samtöl við Kínverja leiða í ljós, að þeir eiga enn sem komið er í vandræðum með að gera upp arfleifð Maos. Þegar á þá er gengið, reyna þeir að leysa málið með prósentureikningi. Mao hafði sem sé 70% rétt fyrir sér en 30% rangt. Mynd hans yfirgnæfir allt umhverfið á Torgi hins himneska friðar. Hún prýðir líka alla peningaseðla, sem gefnir eru út af seðlabanka Kína. Hann hefur aldrei fallið í ónáð eins og Stalín – sem Pútin er nú að vísu að reyna að endurreisa.

Prósentureikningurinn byggir á eftirfarandi: Bylting Maos batt endi á hundrað ára niðurlægingskeið kínversku þjóðarinnar af hendi vestrænna nýlenduvelda. Kommúnistar voru þeir einu, sem veittu japanska hernámsliðinu viðnám. Og Mao var maðurinn, sem endurreisti Miðríkið til fornrar frægðar. Hann er sjálfstæðishetja Kínverja – félagi okkar Jóns Sigurðssonar.

Mao ríkti í rúman aldarfjórðung. Á því tímabili leiddi skáldið og hugsjónamaðurinn ólýsanlegar hörmungar yfir þjóð sína í nafni ævarandi byltingar. Undir lok valdatíma hans var Kína enn örsnautt þriðjaheims ríki, sem gat ekki einu sinni brauðfætt þegna sína. Tilraunin með hraðferðina í gegnum iðnbyltinguna brotlenti með ósköpum, og menningarbyltingin lýsir órum ruglaðs manns, sem virtist vera úr öllum tengslum við veruleikann. Þetta reiknast Kínverjum til að tákni 70% rétt, en 30% rangt.

Mao er, með öðrum orðum, maðurinn sem vann stríðið en tapaði friðnum.

Deng Xiaoping, maðurinn sem leiddi Kína inn í nútímann með því að virkja markaðsöflin undir sterkri stjórn, og með því að opna Kína fyrir erlendu fjármagni og tækni, skipar sinn virðingarsess í sögu Kínverja, en hverfur samt í skugga Maos.

Bryndís

Við eftirgrennslan komst ég að því, að gamla hverfið – Huton, eins og þau nefnast – í miðborginni, sem ég hafði laumast til að skoða fyrir tuttugu og tveimur árum, hefði verið jafnað við jörðu fyrir nokkru. Nú stæði á þeim sama stað fimm stjörnu hótél, og ekkert sem minnti á gamla Kína.

Hins vegar væri enn til annað Huton, svolítið fjær miðborginni. Það stæði við stórt stöðuvatn og hefði verið byggt á Miðöldum af efnafólki í þjónustu keisaranna, en síðan orðið almannaeygn eftir byltinguna miklu.



Þetta þorp er nú verndað af yfirvöldum. Engu má breyta. Það er eins konar minnisvarði um lífstíl, sem einu sinni var. Þröngar götur, lágvaxin hús, húsgarðar – eða hústorg – bak við byrgðar dyr, þar sem fjölskyldan leitar athvarfs, þegar sólin er of heit eða yfirvöld of aðgangshörð – Hefðarfólk og húskarlar. Enn eru götusalar á stjái, konur að servera kaffi úti á götu, jafnvel að

hengja þvott á snúrur. Afturhvarf til fortíðar – kannski með eftirsjá. Getur það hugsast?

Það var látið eftir mér að fara í könnunarleiðangur í þorpið. Við leigðum okkar hjólataxa – þ.e.a.s mann á hjóli, sem dró okkur á eftir sér um þröngar götur, yfir brýr og jafnvel inn á húsatorg, þar sem konur sátu enn undir vegg að spjalli.

Þetta þorp, eða Huton, er ögn meira aðlaðandi en það sem ég hafði heimsótt í gamla daga. Enda vinsælt meðal ferðamanna sem sýnishorn af fortíðinni. Ekki beint fátæklegt, en samt hálfdraslaralegt – mikil óreiða. Enda skilst mér, að fólk fái að búa frítt í þessum húsum, sem einu sinni voru falleg húbýli og heimili ríka fólksins.

Þarna inni á þessu húsatorgi gerðist svolítið merkilegt. Um leið og ég gekk inn í portið, tók ég eftir lítilli stelpu, sem leit upp, þegar hún sá mig og brosti svo undurfallega – alveg eins og hún þekkti mig og hefði verið að bíða eftir mér. Ég brosti á móti, um leið og ég hugsaði, hvað hún hefði falleg augu. Svo hélt ég áfram inn í húsið, þar sem ég ætlaði að hlusta á leiðsögukonuna útskýra sögu þessarar húsapyrpingar. En hún talaði bara kínversku, og ég var engu nær.

Þá smeygir litla stúlkan hönd sinni inn í lófann á mér og stendur kyrr við hlið mér. Hún er enn að horfa á mig. „Átt þú heima hér?“ spyr ég á ensku. „Nei, hún er gestur frá Hebei héraði“, svarar leiðsögukonan fyrir hana. Hún kann þá alla vega nokkur orð í ensku.

„Má ég taka mynd af ykkur saman?“ spyr konan. „Auðvitað“, svara ég, og tek utan um litlu stelpuna, sem grípur um mittið á mér og heldur sér fast. Á þessum örfáu augnablikum myndast eitthvað sérstakt samband milli mín og barnsins. Mér fannst einhvern veginn, eins og að ég gæti ekki farið frá henni, gæti ekki skilið hana eftir í þessu þorpi.

Ég varð að slíta mig úr örmum hennar og gekk út með tárin í augunum.

Þegar við vorum komin út á götuna og vorum sest upp í hjólataxann, segir Jón Baldvin við mig: „Veistu það, að þessi litla stelpa er eins og eftirmynd af þér. Hún er líkari þér en þín eigin börn“.

Ökumaðurinn okkar var þegar kominn á fleygiferð og ekki til baka snúið.

Mín eina von var, að myndin hefði tekist vel.

Já, og ekki má ég gleyma að geta þess, að tölvunördarnir okkar hjá Disneyland og PWC – þeir Yuning og Goyang Fang, og konur þeirra, Angel og Di Sun, héldu okkur mikla veislu á fínasta veitingastað Beijingborgar, þar sem aðalrétturinn var hin fræga Pekingönd. Gestgjafi okkar í Beijing, Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra, ákvað á seinustu stundu að slást í hópinn. Og litli tveggja ára prinsinn lét sig ekki heldur vanta.



Það kvöld var líka boðið upp á hvítvín frá Toscana héraði á Ítalíu og hrísgrjónasnaps til hressingar að kínverskum sið – heimalagað. Strákarnir voru góðir í ensku, enda unnu þeir á fjölpjódlegum vinnustað og höfðu mikil samskipti við Bandaríkjamenn. Báðir tóku gestgjafahlutverk sitt alvarlega og héldu áfram að raða alls konar fáséðu góðgæti á diskana okkar. Ekki máttum við snúa svöng heim. Litli prinsinn gaf móður sinni hins vegar engin grið, heimtaði alla hennar athygli. En ég sá, að það var hún sem kokkurinn hafði stöðugt samráð við, og það var hún sem greiddi reikninginn að lokum.

Di Sun talaði bara kínversku, en fallett bros hennar bætti auðvitað allt upp.

Þessir nýju vinir okkar gáfu okkur í kveðjuskyni heila flösku af hrísgrjónavíni til viðbótar, en það var einmitt innihald þeirrar flösku, sem hélt í okkur lífinu á langri ferð um flatneskju Síberíu – meira um það seinna.

En áður en við yfirgefum Kína, verð ég að segja ykkur frá því, að í Garði himnahofsins – Temple of Heaven – fékk ég loksins tækifæri til að dansa aftur. Sólin var komin hátt á loft, og garðurinn iðaði af mannlífi. Sumir voru að syngja og hlæja, aðrir að spila á spil, enn aðrir að borða nestið sitt eða sparka bolta.

Og svo gekk ég fram á þessa himnesku tónlist. Ekki tangó að vísu, heldur hæg taktfasta tóna, sem eiga rætur í ævaforðri kínverskri heimspeki, sem boðar íhugun, umburðarlyndi og hófsemi. Þannig var tónlistin einmitt – seiðandi hæg og íhugul. Konurnar skeyttu engu, þótt ég gengi inn í hópinn og byrjaði að hreyfa mig á sama hátt – gera eins og þær. Og ég fann, hvernig ég slakaði algerlega á, gleymdi mér og varð frjáls. Þetta var ógleymanleg stund í Garði hins himneska friðar. Í lokin komu konurnar og þrýstu hendur mínar – og brostu svo fallega.

Jón Baldvin

Eftir lærdómsríkar tvær vikur í höfuðborg Miðríkisins, sem voru fullar af sjónrænni lífsreynslu, var kominn tími til að kveðja. Við ætluðum að láta gamlan draum rætast að fara með Síberíuhraðlestinni frá Beijing til Moskvu. Flestir fara frá Moskvu og austur úr. Við erum hins vegar ekki eins og fólk er flest, svo að við kusum að fara að austan og vestur úr.



Lestin okkar átti að leggja af stað frá aðaljárnbrauarstöðinni í Beijing kl. 11 að kvöldi. Umferðarteppan á bólvörðum Beijingborgar var slík, að við héldum lengi vel, að við mundum missa af lestinni. En með ævintýralegum klækjum og útúrsnúningum hafðist það. Við eigum það bílstjóranum okkar að þakka, að við náðum á brautarpallinn og um borð í tæka tíð. Án hans hefði það verið borin von.

Mannmergðin á brautarstöðinni var slík, að sérhver hreyfing var öxl við öxl eða rass við rass. Fimmti hver jarðarbúi á iðandi hreyfingu. Og of seint að læra á tákinn, sem áttu að vísa okkur veginn – bara á kínversku, auðvitað. Samt tókst okkur að kynna ömmu frá Ytri Mongólíu með barnabarnið sitt á heimleið frá stórborginni og rússneskri tískudrós frá Ekaterinburg, sem áttu samleið innan um alla þvöguna.

Og svo byrjaði ballið.